

**Nd.**

**456. Nefndarálit**

**[30. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Samkvæmt gildandi lögum um félagsheimili eiga félög, sem hafa menningarstarfsemi að aðalviðfangsefni, þess kost að fá hluta af stofnkostnaði félagsheimila greiddan úr félagsheimilasjóði. Sama gildir um sveitarfélög.

Fé það, er félagsheimilasjóður fær til umráða, er svo takmarkað, að litill stuðningur yrði að framlögum úr sjóðnum, ef dreifa ætti fé hans til flestra eða allra félaga, sem hefðu hug á að reisa samkomuhús. Mörg félög, svo sem stéttarfélög, samvinnufélög og búnaðarfélög, njóta því ekki stuðnings úr félagsheimilasjóði, þótt þau reisi félagsheimili, þar sem þau hafa ekki menningarstarfsemi að aðalviðfangsefni.

En framkvæmd laganna um félagsheimili hefur verið hagað þannig, að verkalýðsfélög geta verið aðilar að stofnun og rekstri félagsheimila með samstarfi við önnur félög. Reynslan sýnir einnig, að bezt fer á því, að félög sameinist um að koma upp félagsheimilum, sem eru vel úr garði gerð. Þá er betri aðstaða en ella með viðhald þeirra og rekstur, enda er fullnægjandi í flestum sveitarfélögum að reisa þar eitt slíkt hús.

Með frv. þessu er stefnt að því að veita verkalýðsfélögum rétt til framlaga úr félagsheimilasjóði, ef þau reisa félagsheimili ein sér. Meiri hl. nefndarinnar telur ekki fært að breyta þeim grundvelli, sem gildandi lög ákveða í þessu efni, nema tryggt sé um leið, að félagsheimilasjóður fái meira fé til umráða en hann hefur nú. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. þetta verði afgreitt með svofelldri

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem fyrir liggur, að framkvæmd laga nr. 77 1947, um félagsheimili, er hagað þannig, að verkalýðsfélög geta með samstarfi við önnur félög verið aðilar að stofnun og rekstri félagsheimila, er stuðnings njóta úr félagsheimilasjóði, og með því að ekki er fært að ganga lengra í því efni, nema félagsheimilasjóði verði jafnframt tryggt meira fé til ráðstöfunar en hann hefur nú, telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1954.

Björn Björnsson,  
form.

Kjartan J. Jóhannsson,  
fundaskr.  
Jónas G. Rafnar.

Páll Þorsteinsson,  
frsm.

### Fylgiskjal.

Fræðslumálastjóri og ípróttanefnd ríkisins hafa á fundi sínum 17. nóv. tekið til athugunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og vilja í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Fræðslumálastjóri og ípróttanefnd hafa fallið á, að verkalýðsfélög fengju aðild að byggingu félagsheimilis í byggðarlögum, þar sem stofnað er til samvinnu annarra aðila, er ótvíræðan rétt hafa samkv. 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, til styrks úr félagsheimilaskjóði. Á þessa aðild verkalýðsfélaga var fallið með tilliti til þess, er fram kom í umræðum á Alþingi 1947, þegar frumvarp um félagsheimili var til umræðu. Í samvinnusamninga um byggingu og rekstur slíkra félagsheimila hafa verið sett ákvæði, sem tryggja, að verkalýðsfélög fari ekki með meiri hluta atkvæða í málefnum félagsheimilanna. Má í því sambandi benda á félagsheimilin í Bolungavík og á Sauðárkróki. Hins vegar getur fræðslumálastjóri og meiri hluti stjórnar ípróttaskjóðs ekki fallið á að veita verkalýðsfélögum — eða hliðstæðum félagssamtökum — styrk úr félagsheimilaskjóði til þess að byggja félagsheimili út af fyrir sig.

Fræðslumálastjóri og meiri hluti ípróttanefndar líta svo á, að verkalýðsfélög séu fyrst og fremst hagsmuna- og stéttarfélög og að þótt stjórnmalaskoðanir takmarki ekki þátttöku, þá séu þau annars eðlis en þau félög, sem upp eru talin og við mun átt í 1. gr. laga um félagsheimili. Telja báðir aðilar, að tekjur félagsheimilaskjóðs mundu hrökkva skammt, ef fara ætti inn á þá braut að veita verkalýðsfélögum styrk úr skjóðnum, til þess að byggja félagsheimili út af fyrir sig. Yrði þeim veitt aðstaða til sérbygginga félagsheimila með styrk úr félagsheimilaskjóði, hlytu önnur hagsmunasamtök launþega að fylgja á eftir, svo sem iðnaðarmannafélög, félög verzlunarfólks, starfsmannafélag ríkis og bæja o. fl. o. fl. Fræðslumálastjóri og meiri hluti ípróttanefndar geta því ekki mælt með því, að umrædd breytingartillaga verði að lögum.

Minni hluti ípróttanefndar, Hermann Guðmundsson, telur, að verkalýðsfélög séu samkv. núverandi lögum styrkhæfir aðilar, en til að taka af öll tvímæli, telur hann, að lagabreytingin eigi fram að ganga.

Helgi Eliasson. Þorsteinn Bernharðsson.  
Hermann Guðmundsson. Daníel Ágústínusson.

Þorsteinn Einarsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.